

Fundagerð 147. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 15.október kl. 11:00 og var hann í fjarfundi.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Samúel Ingvason, Pétur Freyr Jónsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Sigurður Jóhann Erlingsson. Agnar Ólason kom inn á fund klukkan 11:17.

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 146, ekki hægt að klára, bíður fram á næsta fund.

2. Staða kjaramála.

Formaður fer yfir stöðuna.

- Deilan í Ísal er á viðkvæmum stað, verkföll eiga að hefjast á föstudaginn en fyrirtækið hefur beðið um í frest til þess að skoða hvað samið var um í kjaradeilunni við Norðurál. Mikið er búið að funda en lítið gerst þangað til núna.
- Búið að skrifa undir kjarasamning við Hafrannsóknarstofnun en ekki stofnanasamning. Kosningu um kjarasamninginn líkur 19. okt.
- Búið að skrifa undir kjara- og stofnanasamning við Landhelgisgæslu, kosning er þar í gangi.
- Samningur vegna félagsmanna okkar hjá Selfossveitum er að skriða af stað.
- Ekki er byrjað að ræða við SFS, en það hafa verið fundir í úrskurðarnefnd um verðlagsmál bæði vegna rækju og síldar.
- Tvö frumvörp á þingi núna sem kemur okkur við. Annar vegar vegna mönnunarmála og svo frumvarp vegna alþjóðlegrar skipaskrár.
- Spurt er hversu margir samningar séu lausir núna. Formaður svarar því til að ef við teljum Hafrannsóknarstofnun og Landhelgisgæsluna sem lausa þá séu það fimm samningar.
- Spurt er hvernig gangi með Selfossveitur, Formaður svarar hvernig staðan er þar.
- Spurt er hvort ekkert samtal sé við SFS. Formaður svarar því til að SFS hafi viljað klárað rækju- og síldarmálið fyrst og svo bera þau fyrir sig ástandi í samfélaginu. Spurt er þá hvort ekki sé hægt að semja um hækkun kaupliða? Formaður svarar því til að málið sé fyrir félagsdómi.

3. ASÍ – þing.

Formaður fer yfir það að gera megi ráð fyrir einhverju veseni á ASÍ þingi. Það er búið að samþykkja að fjölga varaforsetum ASÍ úr tveimur í þrjá. Flest félög eru búin að tilefna hverjir eru í framboði frá þeim, verslunarmenn eiga eftir að skila inn sínum tilefningum. Formaður boðar fjarfund fyrir fulltrúa VM degi fyrir þingið sjálf. Formaður leggur fram lista um fulltrúa VM fyrir ASÍ þingið, samþykkt samhljóma. Spurt var hvort allt ASÍ þingið sé í fjarfundi. Formaður svarar því að félög ætla að reyna að hittast á sama stað en þá þarf hver að hafa sína tölvu.

4. Starfsmannamál.

Formaður ræddi breytingar á starfsmannamálum

5. Önnur mál.

- Fyrirspurn kom um skoðanakönnun hjá starfandi vélstjórum á sjó vegna tæknibreytinga um borð í skipunum? Halldór Arnar kemur inn til þess að svara þessu. Tillaga formanns að Halldór og Einar vinni saman spurningalista til þess að vinna þetta áfram? Samþykkt samhljóma.
- Bent var á að líta þurfi líka á þá staði sem eru að taka upp meiri sjálfvirkni.
- Lagt var til við stjórn að tölvubúnaður stjórnar verði uppfærður. Formaður leggur til að vinnureglan verði sú búnaður verði endurnýjaður á 4 ára fresti (sama ár og kosið er um formann)
En segir einnig að núna þurfi samt að endurnýja búnað sem kominn er til ára sinna.

Fundi slitið klukkan 12:35